



Samkeppni um útilistaverk við Kárahnjúka

Listamaður:

Illur Malus Islandus

Equilibrium – jafnvægi



Lýsing listamannsins á verki sínu:

Ég vil að það fólk sem leggur á sig langt ferðalag að stíflunum og lóninu eigi sér áfangastað, sem skýlir því og gefur gott útsýni yfir aðstaður allar eftir framkvæmdirnar.

Hlaðin hálfhringurinn utan í öxl Fremri Kárahnjúks við stönd lónsins er að efni og útliti eins og öldubríjótur. Virki, tignarlegur og sérstakur útsýnisstaður. Hér er staðurinn til að taka alstöðu til málefanna sem snerta þessa mannvirkjagerð. Ákveða hvað sé mikilvægt, rétt eða rangt, draga lærdóma og meta hvernig þjóðin nýtir náttúru-audlindirnar og nýtur þeirra.

Að auki felst tillaga mín í furðuverki sem tjáir hugmyndina um „jafnvægi“ með ráðum burðarþols-verkfræði. Mannvirkið sameinar einkenni vikingaskíps, stálskúlpútur og fingerða stálnál. Allt þetta er í fullkomnu jafnvægi á hjörulíði. Ég tilnefni íslenska verkfræðinga til þess að ná þessu jafnvægi eðlisfræðinnar, sögunnar og menningarinnar. Þeir einir eru færir um það.

Hvernig má halda jafnvægi milli manns og náttúru? Gættu fyrirtækin og verkfræðingarnir að sér þegar ráðist var í framkvæmdir í viðkvæmu landslagi? Er breytingin góð eða slæm? Er þetta það sem við viljum? Svörin við öllum spurningunum fást á þessum stað. Hvað sem manni fannst fyrir komuna þá verður enginn ósnortinn við brottför.

Verkið er minnisvarði um íslenska verkfræðinga í nútíð og fortíð. Equilibrium vegsamar hæfni, reynslu og tæknikunnuáttu íslenskra verkfræðinga. Þeir hafa tekist á við og hamið hina einstöku

íslensku náttúru um langt skeið. Nú er svo komið að íslenskir verkfræðingar geta tekist á við hvaða áskorun sem er. Þeir þekkja land sitt og sérvisku þess.

Ég trúir því að verkfræðingar, en ekki stjórnmálamenn eða þrýstihópar, geti komið á jafnvægi milli manns og náttúru, audlinda og þarfa.

Við Íslendingar nánum hér land fyrir rúmum 1100 árum og höfum búið í landinu síðan. Við höfum leitað við að stjórna náttúruaudlindum okkar og við höfum aðlagð þarfir okkar og framsókn að því sem við höfum í höndunum.

Nú er svo komið að við ráðum yfir tækni og kunnáttu til að hafa veruleg áhrif á viðkvæmt landslag. Við getum gjörbreytt því og er Kárahnjúkastífla nýjasta dæmi þess.

Við þurfum að vega og meta, finna bestu leiðina, og leita jafnvægis.

Ég fel vonir mínar um framtíðarspor þjóðarinnar og uppsetningu þessa listaverks í hendur íslenskum verkfræðingum.